

Gönguferðir sumarið 2022



Gunnlaugur Auðunn Júlíusson leiðsögumaður

1) Friðlandshringur að Fjallabaki;

Þriggja daga gönguferð um Friðland að Fjallabaki;

Landmannalaugar – Hrafninnusker – Landmannahellir – Landmannalaugar.

Dagsetning: 24. – 26. júní. Gönguvegalengd er samtals um 48 km. Þægileg ganga þar sem allur búnaður er borinn á bakinu. Þrettán gistipláss eru frátekin í Hrafninnuskeri. Fleiri voru ekki til. Ganga þarf frá greiðslu fyrir gistingu í Hrafninnuskeri fyrir lok janúar. Gisting hefur verið pöntuð í Landmannahelli fyrir 20 manns.

Þátttakendur sjá um ferðir til og frá Landmannalaugum. Þátttakendur sjá um matarkaup hver fyrir sig. Þátttökugjald á mann er 20.000 krónur. Gistigjald í skálum kemur þar til viðbótar því ekki er víst að allir vilji gista í skálum.



Lágmarksfjöldi er 5 manns. Hámarksfjöldi er 20 manns.

Greiða þarf helming þátttökugjalds tveim mánuðum fyrir brottför til að staðfesta þátttöku þar sem fjöldi þátttakenda í ferðinni er takmarkaður.

Staðfestingargjald er óendurkræft.

Dagur 1: Ekið að morgni í

Landmannalaugar. Hægt er að velja um

hvort ekið er upp Þjórsárdal og fram hjá Hrauneyjum eða upp Landsveitina og síðan Dómadalsleiðina að vegamótunum við Landmannalaugar. Þær eru nokkuð áþekkar að lengd en

munur getur verið á hve malarvegurinn er góður. Sl. sumar var malarvegurinn inn Dómadalinn mun betri en vegurinn þar sem farið er upp Þjórsárdal og fram hjá Hrauneyjum.



Gengið er frá Landmannalaugum í Hrafninnusker. Vegalengd 10 - 12 km. Göngutími: 4-6 klst. Þægileg gönguleið. Athyglisverðir staðir: Laugahraun - Brennisteinsalda - Bláhnúkur - Stóri hver. Mögulegt er að ganga pokalaust að Ljósá (ca. 2 km hvora leið) eftir að komið er í Hrafninnusker. Gist í skála og/eða tjöldum í Hrafninnuskeri.

Dagur 2. Gengið frá Hrafninnuskeri að Landmannahelli. Vegalengd 19 km. Göngutími: 7-8 klst. Þægileg gönguleið.

Vaða þarf á einum stað yfir upptök Markarfljóts. Einfaldir vaðskór eru því nauðsynlegir. Athyglisverðir staðir: Jökulhellar - Sléttahraun (hrafninna) - Höfðavatn - Klukkugil – Klukkugilskjafur - Löðmundarvatn. Gist í skálum í Landmannahelli.

Dagur 3. Gengið frá Landmannahelli til Landmannalauga. Vegalengd: 16 km. Göngutími: 6-7 klst. Þægileg gönguleið. Athyglisverðir staðir: Löðmundarvatn – Lifrarfjallavatn – Dómadalur – Útsýni af Stórhöfðaöxl - Háölduhraun – Uppgönguhryggur – Vondugil.

Gangan endar í Landmannalaugum þar sem bílarnir bíða. Tilvalið að fara í heita lækinn í Laugum að göngu aflokinni.

2) Langisjór og nágrenni;

Þriggja daga gönguferð umhverfis Langasjó;

Langisjór - Breiðbakur – Útfallið – Fögrufjöll - Sveinstindur.

Dagsetning: 8. – 10. júlí. Gönguvegalegd er samtals um 48 km. Heildarhækkun er um 700 m.

Áætlaður heildargöngutími er 20 – 22 klst. Krefjandi ganga þar sem allur viðlegubúnaður og matur er borinn á bakinu. Vaða þarf yfir Útfallið. Góðir vaðskór eru nauðsynlegir.



Þátttakendur sjá um ferðir til og frá Langasjó. Þátttakendur sjá um matarkaup hver fyrir sig. Þátttökugjald á mann er 20.000 krónur. Greiða þarf helming þátttökugjalds tveim

mánuðum fyrir brottför til að staðfesta þátttöku þar sem fjöldi þátttakenda í ferðinni er takmarkaður. Staðfestingargjald er óendurkræft.

Lágmarksfjöldi er 5 manns. Hámarksfjöldi er 20 manns.

Dagur 1. Ekið er að morgni inn að Sveinstindi. Ekið austur fyrir fjall, upp Skaftártungu um Fjallabak nyrðra og síðan afleggjarann að Langasjó.

Gangan hefst við vesturenda vatnsins og gengið er réttsælis kringum Langasjó. Fyrsta daginn er ætlað að ganga 6-7 klst. eða um 18 km.

Dagur 2. Gengið er áfram inn með Langasjó og fyrir enda hans. Vatnið er um 2 km á breidd. Þennan dag er vaðið yfir Útfallið þar sem affallið úr vatninu rennur í Skaftá. Reiknað er með að þennan dag sé gengin lengsta dagleiðin eða um 10 klst.

Dagur 3. Síðasti göngudagur. Gengið er með Langasjó og eftir Fögrufjöllum. Horft er yfir Langasjó og yfir Breiðbak. Bæði er gengið niðri við vatnið svo og uppi á brúnum Fögrufjalla til að njóta útsýnisins. Stefnt er að því að koma nægjanlega snemma í áfangastað svo tími gefist til að ganga á Sveinstind ef veður leyfir. Göngunni lýkur á sama stað og hún hófst.

3) Hryggurinn milli Gilja og Grænihryggur;

Kýlingar – Barmur - Sveinsgil - Hryggurinn milli Gilja - Grænihryggur - Halldórsgil – Kýlingar

Dagsetning: 30. júlí. Vegalengd 18 km. Göngutími 8-9 klst. Hækkun 600 m. Nokkuð krefjandi ganga sem er ekki fyrir lofthrædda eða óvana að ganga í misjöfnu landslagi. Vaða þarf tvisvar yfir Sveinsgil svo og getur þurft að vaða yfir litla læki sem koma úr Svigagili. Góðir vaðskór eru nauðsynlegir.



Þátttakendur sjá um ferðir til og frá Kýlingum. Þátttakendur sjá um matarkaup hver fyrir sig. Þáttökugjald á mann er 7.000 krónur. Greiða þarf helming þáttökugjalds einum mánuði fyrir brottför til að staðfesta þátttöku þar sem fjöldi þátttakenda í ferðinni er takmarkaður. Staðfestingargjald er óendurkræft.

Lágmarksfjöldi er 5 manns. Hámarksfjöldi er 20 manns.

Ekið er inn að Kýlingum um morguninn. Hægt er að velja um hvort ekið er upp Þjórsárdal og fram hjá Hrauneyjum eða upp Landsveitina og síðan Dómadalsleiðina að vegamótunum við Landmannalaugar. Þær eru nokkuð áþekkar að lengd en munur getur verið á hve malarvegurinn er góður. Sl. sumar var

malarvegurinn inn Dómadalinn mun betri en vegurinn þar sem farið er upp Þjórsárdal og fram hjá Hrauneyjum.

Gangan hefst við Kýlinga. Gengið er upp á Barminn fyrir norðan Halldórsgil og niður í Sveinsgil móts við enda Hryggjarins milli Gilja. Gengið er upp á Hrygginn milli Gilja og eftir honum að Grænahrygg. Á köflum er leiðin eftir Hryggnum milli Gilja nokkuð krefjandi. Frá Grænahrygg er vaðið yfir Sveinsgil og gengið upp á hálsinn gegnt Grænahrygg. Gengið er eftir hálsinum niður í Sveinsgil þar sem það mætir Svigagili. Þaðan er gengið upp á Barminn og síðan niður Halldórsgil að bílunum við Kýlinga.

4) Jökulgil, Grænihryggur og Uppgönguhryggur;

Landmannalaugar – Jökulgil – Grænihryggur – Hattver - Uppgönguhryggur – Skalli – Laugabarmur - Brandsgil – Landmannalaugar

Dagsetning: 13. ágúst. Vegalengd 19 km. Göngutími 8-9 klst. Heildarhækkun er um 500 metrar.

Miklar vöðslur. Jökulgilið er vaðið margoft. Frekar auðveld ganga í mögnuðu umhverfi. Góðir vaðskór eru nauðsynlegir. Þátttakendur sjá um ferðir til og frá Landmannalaugum. Þátttakendur



sjá um matarkaup hver fyrir sig.

Þátttökugjald á mann er 7.000 krónur.

Greiða þarf helming þátttökugjalds einum mánuði fyrir brottför til að staðfesta þátttöku þar sem fjöldi þátttakenda í ferðinni er takmarkaður. Staðfestingargjald er óendurkræft.

Lágmarksfjöldi er 5 manns. Hámarksfjöldi er 20 manns.

Ekið er inn að Landmannalaugum um

morguninn. Hægt er að velja um hvort ekið er upp Þjórsárdal og fram hjá Hrauneyjum eða upp Landsveitina og síðan Dómadalsleiðina að vegamótunum við Landmannalaugar. Þær eru nokkuð áþekkar að lengd en munur getur verið á hve malarvegurinn er góður. Sl. sumar var malarvegurinn inn Dómadalinn mun betri en vegurinn þar sem farið er upp Þjórsárdal og fram hjá Hrauneyjum.



Gangan hefst við Landmannalaugar. Þaðan er gengið um 5 km þurruum fótum inn Jökulgilið. Þar hefjast vöðslur inn gilið þar sem Jökulgilskvíslin er þveruð margoft. Hún er með finan botn en hvorki straumhörð né vatnsmikil á þessum tíma. Að ganga inn Jökulgilið er einstök upplifun. Gengið er úr Jökulgili upp á Hrygginn milli Gilja og að Grænahrygg. Síðan er gengið til baka sömu leið niður í Jökulgilið og inn í Hattver. Út Hattveri er gengið upp Uppgönguhrygg að Skalla. Uppgönguhryggur er dálítið krefjandi

fyrir lofthrædda en upplifunin að ganga hann lætur engan ósnortinn. Gengið er meðfram Skalla, yfir Vörðuhnjúk og niður Laugabarminn. Hægt er að ganga spölkorn inn í Brandsgilin ef áhugi er á. Gangan endar á sama stað og hún hófst við Landmannalaugar.